



## Góður árangur liðs FG í Gettu betur

Árangur liðs FG í Gettu betur hefur vakið verðskuldaða athygli. Framganga Helgu Margrétar, Jöru og Tómasar Geirs hefur verið þeim og skólanum til sóma. Hvort sem litið er til keppinnar sjálfrar eða umfjöllunar um hana.

Þó ekki hafi unnist sigur í úrslitum að þessu sinni er þetta í fyrsta sinn sem FG kemst í úrslit í Gettu betur. Við óskum okkar liði hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur. Jafnframt óskum við MR til hamingju með sinn 19. sigur í Gettu betur. Þeirra lið var vel að sigrinum komið.



## Nýtum smiðjur

Í skólanum er boðið upp á smiðjur eins og oft hefur komið fram áður. Þar er frábært tækifæri til að vinna upp gamlar myndir, dýpka kunnáttuna eða læra nýja hluti.

Smiðjurnar hafa gengið mjög vel. Sumir nemendur hafa þó ekki nýtt sér þetta tilboð. Það kemur okkur á óvart að nemendur vilji borga fyrir aukanámskeið úti í bæ í stað þess að mæta í smiðjutíma sem kosta ekkert og eru í boði alla önnina.

Ef einhver vill vita meira um smiðjurnar þá er hægt að sjá frekari upplýsingar [hér](#).

## Erfiðasti tími annarinnar

Önnin hefur gengið vel sem af er. Skólasókn og ástundun hefur verið betri en oft áður. Það er þó ekki ástæða til að slaka á. Samkvæmt okkar reynslu er tíminn á milli árshátíðar og páskafrís mörgum nemendum erfiður.

Því leggjum við til að foreldrar setjist niður með unga fólkinu og fari yfir stöðu mála. Hvernig var miðannarmatið og hver er skólasóknin fram til þessa? Ef miðannarmatið er slakt er enn tími til að bæta fyrir myndirnar og taka sig á. Ef miðannarmatið er gott er ágætt að setja sér markmið fyrir seinni hluta annarinnar.

Höfum hugfast að slakur árangur í skóla bitnar fyrst og fremst á nemendum sjálfum. Það getur ekki verið hlutverk skólans að sjá til þess að nemendur mæti í skólann.

## Leiklistarnemar leika og sóla sig á Möltu

Hópur leiklistarnema er nú staddur á eyjunni Möltu í Miðjarðarhafinu og eins og ljósmyndin sýnir skín þar sólin eins og hún hafi ekkert annað að gera. Allir greinilega í sólskinsskapi. Með í för eru Bjarni Snæbjörnsson og Unnur Símonardóttir "ekki-leiklistarnemi" (þó hún hafi mikla hæfileika). Þau biðja öll að heilsa en hópurinn tekur nú þátt í 7. leiklistarhátíð evrópskra ungmenna með ýmsum hætti.

